

Ár 2006, fimmtudaginn 27. apríl, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 3/2006:

Handknattleiksdeild ÍBV

gegn

Stjórnunni

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 6. mars 2006 sem móttekin var með netpósti hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest 6. mars 2006 og dómtekið sama dag. Dómur er kveðinn upp í dag 27. apríl 2006.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1. Kæra dags. 6. mars 2006

Dómkröfur kæranda:

Krafist er að Stjarnan verði dæmd til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 100.000,- fyrir brot á ákvæði 3.1.9. skv. félagaskiptareglugerð HSÍ. Þá er þess krafist að dæmt verði að Stjarnan mega hvorki semja né tala frekar við viðkomandi leikmenn, (Florentina Grecu og Simona Vintila).

Málsástæður kæranda:

Kærandi kveður forsvarsmenn Stjórnunnar hafa haft samband við tvo sammingsbundna leikmenn hkd. ÍBV, þær Florentina Grecu og Simona Vintila í gegnum umboðsmann þeirra og markvörð Stjórnunnar, Jelena Jovanovic.

Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæði 3.1.9. í félagaskiptareglugerð HSÍ, en ákvæðið hljóðar þannig:

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við sammingsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er sammingsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 6. mars 2006 og móttekin sama dag á skrifstofu HSÍ. Ekki verður séð af kærinni hvenær þeir atburðir sem leiða eiga til sektar hafi átt sér stað. Engin gögn eru lögð fram til stuðnings fullyrðingum kæranda um ætluð brot Stjórnunar á lögum og reglugerðum HSÍ. Aðeins er um sönnunarfærslu vísað til fjögurra vitna sem gert er ráð fyrir að munu verða leidd fyrir dóminn undir aðalmeðferð málsins. Að

Þessu leyti er málatilbúnaði kæranda ábótavant. Án gagna til stuðnings málatilbúnaði kæranda getur varnaraðili ekki haldið upp vörnum, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ um málsmeðferð. Það samrýmist ekki málsmeðferðarreglum að láta fyrst á það reyna við munnlegar skýrslutökur af vitnum fyrir dómi hvort málatilbúnaður sóknaraðila eigi við rök að styðjast. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á það hvað fór fram á milli forsvarsmanna Stjórnunnar a.v. og umboðsmanns nafngreindra leikmanna h.v., sem varða eigi Stjórnuna refsingu í formi sektar. Málatilbúnaði kæranda er að þessu leyti ábótavant og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Vegna anna dómara hefur ekki verið unnt að ljúka þessu máli fyrr en nú.

DÓMSORÐ:

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV dagsettri 6. mars 2006 er vísað frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson